	Kr. a.
Flutt:	499 51
5. Annar kostnaður	25 16
6. Eptirstöðvar til næsta árs	90 05
	614 72

102

Íslands norður- og austuramt. Akureyri 3. júní 1891.
J. Havsteen.

Reglugjörð

103

30. júlí

fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði og fl.

I. Kafli um afrjett og upprekstur.

1. grein.

Hreppsnefnd hvers þess hrepps, er afrjett á, skal annast um, að geldur fjenaður (hross, naut og sauðfje) sje rekinn til afrjetta á þeim tíma, sem hentast er, eptir árferði og öðrum kringumstæðum. Hreppsnefnd hvers þess hrepps, sem engan afrjett á, skal ef unnt er, og hún álítur þess þörf, útvega hreppsbúum sumarhaglendi fyrir geldfjenað þeirra móti hæfilegu endurgjaldi úr hreppssjóði. Skulu þeir fjáreigendur skyldir til að reka fjenað sinn á hið fengna haglendi, sem að áliti hreppsnefndarinnar ekki hafa nægilegt haglendi fyrir fjenaðinn heima.

2. grein.

Nú eru fráfærulömb rekinn til fjalls, afrjettar- eða leigulands, þá skulu þau setin þar að minnsta kosti einn sólarhring.

3. grein.

Nú gengur fjenaður af afrjetti svo mjög, að hreppsnefnd álítur heimalöndum hreppsbúa sinna of-íþyngt, annast hún þá um, að afrjettarfjenaðinum sje smalað og rekinn til afrjettar á kostnað sveitarsjóðs.

4. grein.

Eigi má ónáða fjenað þann, sem í afrjetti eða fjalli á að vera, fyrir fjallskil, nema landeigandi og hlutaðeigandi hreppsnefnd leyfi.

II. Kafli um fjallskil.

5. grein.

Allir þeir, sem hafa jörð til ábúðar, sem metin er til dýrleika, skulu skyldir að smala heimaland sitt til rjetta. Þeir, sem hafa 6 kindur fullorðnar eða fleiri til eignar eða umráða, skulu skyldir að smala fjall-lönd og afrjetti eptir fyrirskipun hlutaðeigandi hreppsnefndar. Þeir, sem hafa 30 kindur fullorðnar eða fleiri til eignar eða umráða, skulu skyldir eptir boði hlutaðeigandi hreppsnefndar að senda mann í utanhrepps-rjettir.

6. grein.

Hreppsnefndin boðar með fjallgangnaseðli 3 vikum fyrir fyrstu fjallgöngur, hvernig göngum skuli hagað, og hverjir fara skuli í utansveitarrjettir. Nú hefir hrepps-

103 30. júlí nefnd útvegað hreppi sínum upprekstrarland utanhrepps, skal hún þá skyld að leggja þeim hreppi, er upprekstrarlandið liggur í, tilhlýðilega marga menn í fjallgöngur. Koma hlutaðeigandi hreppsnefndir sjer saman um tölu manna þessara, en semji þeim eigi, sker sýslunefndin úr þeim ágreiningi.

7. grein.

Hreppsnefndir skipa gangnaforingja, einn eða fleiri. Gangnaforingi skipar mönnum í leitir, og hefir öll ráð yfir fjárgöngum og fjársafninu þar til rjettir byrja, og er hver gangnamaður skyldur til að hlýða skipunum hans.

8. grein.

Sjerhver leitarmaður skal vera gildur og nægilega útbúinn. Sje nokkur leitarmaður ógildur eða ónóglega útbúinn að dómi gangnaforingja og hlutaðeigandi hreppsnefndar, skal sá fjáreigandi, sem þann mann lagði til, greiða borgun eptir mati hreppsnefndar, eins og hann hefði engan til lagt, og gengur sú borgun í sveitarsjóð.

9. grein.

Leitir hvers hrepps skulu svo samhliða framfara, að eigi leynist fje á milli, og eigi verði fje eptir skilið. Enginn má hindra ferð leitarmanns, nje taka neitt af fjársafninu fyrr en til þeirrar rjettar er komið, er safnað er til.

III. Kafli um rjettahöld og fjárheimtur.

10. grein.

a, Þessar skulu lögrjettir vera:

1, Álaborgarrjett fyrir Rosmhvalaness- Miðness- og Hafnahreppa. Skal fyrsta rjett haldin þar fimmtudag í 22. viku sumars.
2, Krísuvíkurrjett fyrir Grindavíkurhrepp; fyrsta rjett föstudag í 22. viku sumars.
3, Vogarjett fyrir Vatnsleysustrandarhrepp; fyrsta rjett laugardag í 22. viku sumars.
4, Gjáarrjett fyrir Garða- og Bessastaðahreppa; fyrsta rjett mánudaginn í 22. viku sumars.
5, Árnakróksrjett fyrir Mosfells- og Seltjarnarnesshreppa: fyrsta rjett þriðjudag í 22. viku sumars.
6, Sandsrjett fyrir Kjósarhrepp; fyrsta rjett miðvikudag í 22. viku sumars.
7, Kollafjarðarrjett fyrir Kjalarnesshrepp; fyrsta rjett fimmtudag í 22. viku sumars.

Í hverri rjett skal halda »fyrri skilarjett« viku eptir fyrstu rjett (sömu vikudaga), og »aðra skilarjett« hálfum mánuði eptir »fyrri skilarjett«.

b, sundurdráttarrjettir:

Auk þessara lögrjetta skal hreppsnefndinni í Kjósarhreppi heimilt að hafa sundurdráttarrjett á Fossá eða annarstaðar norðan Laxár hina sömu daga, sem lögrjettin að Sandi fer fram.

11. grein.

Hreppsnefndin sjer um, að almenningsrjett hreppsins með tilheyrandi dilkum sje forsvaranlega viðhaldið. Við hverja almenningsrjett skal utansveitarmönnum heimilt að fá að byggja dilk fyrir fjenað sinn, enda sjeu hreppsnefndir skyldar að sjá um, að dilkur sje við lögrjett hverja þar sem fjárvon er úr hreppnum. Nægilegt rúm skal vera í hverjum dilk, svo að eigi þurfi að hleypa útúr þeim fyrr en að rjettum afstöðnum, eða þegar hreppsnefndin eða sá, sem í hennar umboði stjórnar rjettahöldum leyfir.

Að byggingu og viðhaldi rjetta vinna fjáreigendur eptir fyrirskipun hreppsnefndar. 103 30. júlí

12. grein.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd skipar fyrir um rjettahöld og stjórnar þeim, en hreppstjóri gætir lögreglu við rjettir. -- Engri skilarjett má ljúka fyrr en allt ódregið fje er nákvæmlega rannsakað eptir markaskrá, »töflu dregið«.

13. grein.

Þeir, sem sendir eru í utanhreppsrjettir, eru skyldir að reka það fje, sem þeir þar heimta, inn í hrepp sinn, og afhenda það þar eptir ráðstöfun hreppsnefndarinnar.

14. grein.

Allt það fje, sem enginn leiðir sig eiganda að í fyrri skilarjett, skal hreppstjóri þess hrepps, er rjettin er í, geyma eða geyma láta til seinni skilarjettar gegn geymslugjaldi, er sje 2—4 aurar fyrir hverja kind um sólarhringinn eptir atvikum, en tafarlaust skal hann senda nákvæma lýsingu á því til næstu hreppa. Það fje, sem enginn leiðir sig eiganda að í síðari skilarjett, skal hreppstjóri selja við uppboð þar í rjettinni eptir að hann ásamt tveimur glöggum og greindum mönnum, sem hann til þess nefnir, hefir samið nákvæma skrá yfir mörk þess á eyrum, hornum, brennimörk, lit og einkenni. Skulu þessir 2 tilkvöddu menn rita á uppboðsgjörðina vottorð um, að lýsingin sje svo rjett og nákvæm og kostur er á. Auglýsa skal hreppstjóri í fyrstu skilarjett, að það fje, sem enginn eigandi leiðir sig að, verði selt við opinbert uppboð í síðari skilarjett. Lýsingu á hinu selda fje skal birta fyrir miðjan janúarmánuð n. ár í blaði því, sem opinberar auglýsingar eru birtar í. Þeir, sem eptir lýsingu þessari geta fyrir næstu fardaga sannað eignarrjett sinn að hinu selda fje, skulu fá uppboðsandvirði þess að frádregnum kostnaði við geymzlu, auglýsinu og uppboð.

15. grein.

Óskilafje það, sem finnst í fjall-löndum eða heimahögum eptir síðari skilarjett, skal tafarlaust afhendast hlutaðeigandi hreppstjóra. Finnist nú eigandi að slíku fje eptir markaskrám þeim, sem fyrir hendi eru, skal hreppstjóri tafarlaust tilkynna það hreppstjóra þess hrepps, sem eigandinn er í, en hann aptur eiganda. En það fje, sem ekki þekkist, skal selt við uppboð, sem auglýst sje með nægum fyrirvara, og fer um andvirði þessa fjár svo sem fyrir er mælt um andvirði óskilafjár í 14. grein.

16. grein.

Með ómerkinga, sem mæður ekki helga sjer, og enginn getur helgað sjer, fer sem lög ákveða.

17. grein.

Hrossarjett skal halda í síðari skilarjettum öllum. Þau hross, sem eigendur þá ekki finnast að, skal hreppstjóri taka til geymslu, og tafarlaust auglýsa með mörkum og einkennum í blaði því, sem opinberar auglýsingar koma út í, en 14 dögum eptir að auglýsing þessi er birt í blaðinu, má selja hross þau, sem enginn þá hefir helgað sjer, við opinbert uppboð, og sje uppboðsdagur tiltekinn í auglýsingunni.

Innleysa má eigandi hinna seldu hrossa þau innan mánaðar frá uppboðsdegi.

103
30. júlí

18. grein.

Brot gegn reglugjörð þessari skal kæra fyrir hlutaðeigandi sýslumanni, og varða þau sektum frá 1—200 kr., er renna skulu í sjóð þess hrepps, sem brotið er framið í.

19. grein.

Reglugjörð þessi öðlast gildi eptir ákvæðum hlutaðeigandi amtmanns.

* * *

Samkvæmt lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda er framanskrifuð reglugjörð hjermeð samþykkt og löggilt, og skal hún öðlast gildi 14. september þ. á.

Í umboði amtsráðs suðuramtsins.

Amtmaðurinn yfir suðuramtinu. Reykjavík, 30. júlí 1891.

E. Th. Jónassen.

104
30. júlí

Reglugjörð

um grenjaleitir og refaveiðar í Kjósar- og Gullbringusýslu.

1. grein.

Sjerhverri hreppsnefnd ber að annast um grenjaleit og grenjavinnslu í heimalöndum og afrjettarlandi hrepps síns. Skyldur er búandi hver að leita eða leita láta heimaland jarðar sinnar án endurgjalds þegar hreppsnefndin kveður hann til þess. Til þess að leita afrjettarland hreppsins ræður hreppsnefndin kunnuga og áreiðanlega menn, og fá þeir fyrir ómak sitt sanngjarna borgun úr sveitarsjóði eptir samningi við hreppsnefndina, sem þó ekki fari fram úr 2 kr. fyrir sólarhringinn. Enginn sá, er hreppsnefndin kveður í grenjaleit, má skorast undan að fara, nema hann hafi gild forföll. Eigi mega menn að grenjum fara þegar leitir eru skipaðar.

2. grein.

Hreppsnefndirnar skulu hver í sínum hreppi fyrirskipa um leitirnar, sem þó ekki sjeu seinna í fyrsta sinn, en 6 vikur af sumri, og svo opt, sem þurfa þykir að áliti hreppsnefndar, eptir kringumstæðum. Heimilt skal hreppsnefnd að skipa svo fyrir, að fleiri menn leiti saman lönd sín, og setja einn mann til að stjórna leitinni.

3. grein.

Hreppsnefnd ber í tæka tíð ár hvert, að hafa ráðið svo margar áreiðanlegar skyttur, sem þörf er á, til að vinna gren í hreppnum. Engin skytta má án gildra orsaka skorast undan að takast á hendur að vinna gren innanhrepps; skytta fær í borgun fyrir starfa sinn a,) í dagpeninga fyrir hvern sólarhring frá því hún fer að heiman 2 kr., b,) fyrir fyrra dýrið, sem vinnst við gren hvert 3 kr. og síðara dýrið 5 kr. c,) fyrir hvern yrðling 50 aura, og að auki í verðlaun fyrir hvert gren, sem alvinnst 5 kr.; skyttan fæði sig sjálf.

4. grein.

Umráðamaður þess lands, sem gren finnst í, ræður gildan vökumann, sem er vaxinn þeim starfa. Nú álítur skytta vökumann ógildan, og hefur hún þá leyfi til að vísa honum frá og heimta annan í hans stað; dagpeninga um sólarhringinn fær vökumaður 3 krónur, en fæða skal hann sig sjálfur. (Framhald)